

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs, deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar,
heiðursdoktorsefni, aðrir góðir gestir;

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar athafnar, þar sem fram fer veiting heiðursdoktorsnafnbótar á vegum Hjúkrunarfræðideildar, á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Í dag heiðrum við Önnu Stefánsdóttur hjúkrunarfræðing, fyrrv. framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra við Landspítalann. Hlýtur hún heiðursdoktorsnafnbót fyrir störf sín til eflingar hjúkrunar- og ljósmóðurfræði í íslensku samfélagi, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót, á tvennum forsendum. Annars vegar að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar í heiðurs skyni, *honoris causa*, án undangengins sérstaks prófs. Eins og heiti nafnbótarinnar ber með sér er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands. Með valinu getur Háskólinn einnig sýnt virðingu fyrir sérstakt framlag til skólans eða farsæl störf í hans þágu. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem fræðimenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

Veiting heiðursdoktorsnafnbótar hefur ávallt verið gildur þáttur í starfi háskólans. Fyrstur til að hljóta nafnbótina var dr. Björn M. Olsen háskólarektor, en honum hlotnaðist sá heiður árið 1918 er hann lét af störfum sem prófessor. Frá þeim tíma hafa um 200 manns verið sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, jafnt hérlendir sem erlendir. Það er einkar ánægjulegt að Anna Stefánsdóttir skuli nú bætast í þann hóp.

Anna Stefánsdóttir á að baki einstakan starfsferil. Hún gegndi stjórnunarstöðum á Landspítala um langt árabíl, sem hjúkrunardeildarstjóri, framkvæmdastjóri, hjúkrunarforstjóri og tímabundið sem forstjóri Landspítala. Í gegnum þessi störf kynntist hún vel störfum kennara við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og þá sérstaklega tengslum þeirra við klínískan vettvang á Landspítala. Hún beitti sér af framsýni fyrir nánara samstarfi milli beggja

stofnananna, sem hefur stóreflst undanfarna áratugi. Hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði eru starfsmiðaðar fræðigreinar og Anna átti ríkan þátt í að til urðu samtengd störf kennara við Hjúkrunarfræðideild og Landspítala. Einnig vann hún að því að koma á fót starfsþjálfun til sérfræðingsviðurkenningar í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og ráða hjúkrunarfræðinga og ljósmæður í nýjar stöður sérfræðinga á Landspítala. Þeir hafa orðið afburða klínískir kennarar við Hjúkrunarfræðideild og taka í vaxandi mæli þátt í kennslu, í framhaldsnámi og rannsóknarverkefnum kennara. Í ljósi þessara brautryðjandastarfa stendur Háskóli Íslands í mikilli þakkarskuld við Önnu Stefánsdóttur.

Það er til sæmdarauka fyrir Háskólann og Hjúkrunarfræðideild að heiðra Önnu með heiðursdoktorsnafnbót, nú þegar fagnað er 110 ára afmæli Háskóla Íslands.